

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Öldu, félags um sjálfbærni og lýðræði,
um mál 89, lagt fram á 148. löggjafarþingi – Kosningar til Alþingis

Reykjavík, 12. mars 2018

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði, tekur undir frumvarp þetta.

Það er sjálfsagt mál að ríkisborgarar landsins geti kosið, jafnvel þótt þeir búi í öðru landi langdvölum, en óþarfa skriffinnska á ekki að hamla því að þeir geti í raun og veru kosið auðveldlega, eins og raunin er í sumum tilfellum í dag. Engin góð ástæða er til að hamla ríkisborgurum landsins um að kjósa um stjórnmalaflokka – í lýðræðisríkjum á að auðvelda fólki að kjósa og taka þátt í lýðræðinu, fremur en að hamla fólki að taka þátt.

Alda skorar á Alþingi að samþykkja þetta frumvarp.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,

Guðmundur D. Haraldsson,
stjórnarmaður